

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. desember 2019
UST201912-158/G.R.G.
04.00

Umsögn um frumvarp til um breytingar á lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, með síðari breytingum, 45. mál.

Vísað er til tölvupósts dags. 19. september 2019 þar sem umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendi Umhverfisstofnun til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, nr. 130/2011, með síðari breytingum (kæruheimild samtaka), 45. mál. Umhverfisstofnun hafði engar athugasemdir við frumvarpið og skilað því ekki umsögn en var boðuð á fund nefndarinnar þann 14. nóvember 2019 og í kjölfar fundarins var aftur óskað eftir umsögn stofnunarinnar um frumvarpið.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að umhverfisverndar-, útivistar og hagsmunasamtök eigi viðtæka aðkomu að umhverfismálum í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt Árórsarsamningnum. Stofnunin gerir þó eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið án þess að gera athugasemdir við einstakar greinar þess.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að endurskoða eigi ákvæði um aðgang samtaka almenning að ákvörðunum á sviði umhverfismála með það að markmiði að sá réttur sé tryggður á fyrri stigum leyfisveitingarferlis og málsmeðferð geti þannig orðið skilvirkari án þess að gengið sé á þennan rétt, auk þess sem fram kemur að þjóðaréttarskuldbindingum Íslands skv. Árórsarsamningnum verði komið til framkvæmda. Af þessu tilefni vann umhverfis- og auðlindaráðuneytið aðgerðaráætlun um eftirfylgni landsskýrslna Íslands um innleiðingu Árórsarsamningsins og ákvæðum stjórnarsáttmálans um þetta málefni. Aðgerð 12 í áætluninni hefur það að markmiði að tryggja að íslenskur réttur sé í samræmi við ákvæði 2. og 4. mgr. 9. gr. Árórsarsamningsins og er aðgerðinni lýst þannig að greina eigi innleiðingu ákvæðanna og framkvæmd hér á landi með hliðsjón af framkvæmd eftirlitsnefndar samningsins og Evrópudómstólsins með það að markmiði að meta hvort opnað verði fyrir hvoru tveggja, stjórnsýsluleið og dómstólaleið. Jafnframt er því lýst að kortleggja eigi aðgang umhverfisverndarsamtaka að dómstólum hér á landi og í nágrannalöndum auk þess sem kanna á hvort almenningur og umhverfisverndarsamtök geti fengið gjafsókn vegna reksturs umhverfisverndarmála fyrir dómstólum. Að framangreindri úttekt lokinni á að skoða hvernig best sé að undirbúa breytingar á löggjöf ef við á.


Í frumvarpinu er ekki minnst á aðgerðaráætlunina eða framangreinda greiningu og kortlagningu varðandi 2. og 4. mgr. 9. gr. Árórsarsamningsins og Umhverfisstofnun er ekki kunnugt um hvort sú greining hafi verið unnin.

Þriðja stoð Árórsamningsins um aðgang að réttlátri málsmeðferð hefur í framkvæmd reynst erfiðasta og umdeildasta stoð samningsins en til vitnis um það má nefna hún er eina stoð samningsins sem ekki hefur tekist að ná sátt um eða stuðningi við á vettvangi Evrópusambandsins þannig að hægt hafi verið að setja tilskipun um stoðina líkt og hinar stoðirnar. Þar af leiðandi telur Umhverfisstofnun mikilvægt að framangreind greining og kortlagning sem lýst er í aðgerðaráætlun umhverfis- og auðlindaráðuneytisins fari fram þannig að löggjöfin verði eins góð og kostur er á.

Virðingarfyllst



Sigrún Agústsdóttir
settur forstjóri



Gísli Rúnar Gíslason
lögfræðingur